

Ræða Þórs Sigfússonar á fundi SA um stöðu íslenskra fyrirtækja á Grand hóteli 13. nóvember 2008

Framtíðin fer að byrja

Það má til sanns vegar færa að öll umræða um framtíðina og framtíðarstefnumótun sé snúin um þessar mundir. Rykið er einhvern veginn ekki sest og við stöndum öll á öndinni. Þessu var lýst fyrir mér um daginn eins og við værum barnmörg fjölskylda þar sem elsti bróðirinn hefði veðsett húsið okkar og nú væri allt í kaldakoli. Við krakkarnir erum rekin inn í herbergi að sofa en mamma og pabbi eru frammi í stofu að reyna að finna leiðir út úr vandanum. Svo festum við ekki svefn, gægjumst fram en heyrum lítið sem ekkert.

Í svo alvarlegri krísu eru sumir enn undrandi, aðrir óttast stöðuna og enn aðrir eru reiðir. Þjóðin fer sem heild ekki í uppbyggingarfasann strax en við getum og eigum að hefja undirbúning að því. Forsenda þess er þó sú að við tölum meira saman og tölum sama mál. Halldór Laxness sagði einhverju sinni að þegar Íslendingar heyra rök þá setji þá hljóða! Nú þurfum við að heyra öll rök og skýringar á mannamáli. Við þurfum svör. Og við þurfum skipstjórn sem segir okkur hvert við stefnum.

Það heyrir alltof oft að ríkisstjórnin sé svo upptekin við að leysa aðsteðjandi vanda að það er enginn tími til þess að hugsa um framtíðina. Það er verið að gera marga hluti rétt af hálfu stjórnkerfisins og forystan í björguninni hefur gert margt gott en við vitum ekki hvert við stefnum. Stjórnvöld verða að geta gert hvorutveggja á sama tíma, moka og moka og segja okkur hvert þau stefna.

Sveigjanlegt atvinnulíf

Kreppa er móðir tækifæra og nýsköpunar. Við eigum að nýta þessa tíma til þess að hugsa hlutina upp á nýtt. Íslenskt atvinnulíf hefur sýnt og sannað á síðustu vikum hvers megnugt það er við að hugsa út fyrir rammann og sýna sveigjanleika. Öflug innflutningsfyrirtæki urðu útflutningsfyrirtæki yfir nótt. Útflutningsfyrirtæki og innflutningsfyrirtæki hafa komið sér upp eigin gjaldmiðlaskiptakerfi. Ferðafyrirtæki hafa strax undirbúið tillögur að markaðssókn. Margir Íslendingar hafa þegar leitað atvinnutækifæra utan Íslands sem er gott. Sveitarfélög eins og borgin hafa hugsað hlutina upp á nýtt. Þar vinna ungir stjórnámamenn saman þvert á flokkslínur. Jafnvel verkalýðsfélög hafa breytt sér á þann veg að þau reka nú fyrirtækjasmiðjur.

Sveigjanleikinn er mikill. Það er einmitt þessi sveigjanleiki sem gerir okkur vel í stakk búin til þess að mæta áföllum af þessu tagi. Og þessi sveigjanleiki kemur til vegna þess að við erum með rétt hugarfar. Það má því segja að bakgrunnur okkar hér, nám og önnur reynsla, geri okkur og fyrirtæki okkar betur búin, við erum eiginlega mörg með stærri verkfæratösku en þekkist víða um heim. Við tökumst á við verkefnin af vissri auðmýkt og setjum okkur ekki sem einstaklingar á háan stall á tímum sem þessum. Víða um heim er vandinn sá að menntað fólk tekur ekki störf "fyrir neðan sig" eins og það heitir. Það er viðtekin venja. Frekar er það atvinnulaust.

Þrátt fyrir sveigjanleikann þá breytist ekki sú staðreynd að við þurfum ennþá skarpar línur um hvert við erum að fara.

Þrátt fyrir góðan vilja við hörmulegar aðstæður þolir viðskiptalífið ekki marga daga í þeirri óvissu sem við búum við. Óvissan er líka að stórum hluta heimatilbúin.

Nú þarf að ná breiðri samstöðu um aðgerðir sem horfa til framtíðar. Við þurfum masterplanið. Aðilar vinnumarkaðarins hafa rétt út hönd og boðið ríkisstjórninni til víðtæks samstarfs um leiðir út úr krísunni. Við vorum boðin og búin í byrjun október þegar krísunni var aflýst í rúman sólarhring en nú erum við aftur reiðubúin að stíga fram. Við eyðum ekki vandanum yfir nótt en við getum létt óvissunni að stórum hluta.

Verkefni næstu vikur

Á sama tíma og við höfum verið í margháttuðum björgunaraðgerðum þá þurfum við að leggja allt kapp á að undirbúa nýja tíma fyrir Ísland. Svona ætti að mínu mati verkefnalistinn okkar að líta út fyrir næstu vikur:

1. Við viljum ná samkomulagi við nágrannabjóðir okkar um frágang á innlánsreikningum íslensku bankanna. Íslendingar þurfa að taka á sig einhverjar skuldbindingar þeirra vegna en fráleitt er að ætla annað en að umtalsverðar eignir séu til á móti þeim skuldbindingum. Það þarf alla vega sérstakan klaufagang til ef það tekst ekki. Þótt við tökum í þessum efnum áhættu þá er áhættan meiri að samskipti okkar við Evrópuþjóðir skaðist til langframa ef við uppfyllum ekki skuldbindingar okkar.

2. Með sama hætti verði stefnt að því að núverandi lánadrottnar íslensku bankanna eignist hluti í nýju ríkisbönkunum og með því verði lagður grunnur að áframhaldandi samstarfi Íslands við erlendar lánastofnanir sem eru lykill að efnahagsuppbyggingu Íslands á komandi árum. Með þessu tvennu leggjum við grunn að sátt milli okkar og nágrannabjóða. Með því tryggjum við orku fyrir Íslandsvélina til næstu ára og áratuga því erfitt er að byggja hér upp án erlends fjármagns á komandi árum. Pössum okkur á því að taka ekki upp einangrunarstefnu og reyna að koma því inn hjá fólki að allar þjóðir vilji fyrir einskæran skepnuskap koma illa fram við okkur. Það er alls ekki svo og besta leiðin út úr núverandi vanda er með samstarfi við aðrar þjóðir og að efla vináttu og viðskipti við þær.
3. Við leggjum áherslu á að IMF-prógramið verði klárað en ef umtalsvert hik verður á láni IMF þá þurfa stjórnvöld strax skoða með einhliða upptöku annarrar myntar. Óska þarf eftir því við IMF, ESB og ECB að fá að taka einhliða upp evru og biðja um gott veður þannig að það hindri ekki aðildarviðræður. Þetta má ekki vera litið á sem enn eitt „shortcut“ Íslendinga heldur neyðarráðstöfun sem unnin er í samráði við vinabjóðir. Um leið sé óskað eftir því að ECB ásamt IMF komi með lánalínur til íslensku bankanna sem tryggi þeim nægt lausafé. Verði mótstaða við þessa málaleitan er eðlilegt að Ísland skoði með upptöku myntar Obamas, bandaríska dalinn, en Bandaríkjamenn hafa ekki verið mótfallnir slíkri leið.
4. Ríkisstjórnin þarf að vinna af krafti í hagsmunamati í tengslum við mögulega inngöngu okkar í Evrópusambandið og ná víðtækri samstöðu við stjórnarandstöðuna og aðila vinnumarkaðarins um að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið og undirbúa þátttöku Íslands í ERM2 og Myntbandalagi Evrópu. Hvatt verður til þess að þessar viðræður geti hafist sem fyrst og málinu verði flýtt eins og kostur er. Þrátt fyrir erfiða aðstöðu mun þjóðin ekki hvika frá því að hagsmunir sjávarútvegs á Íslandi verði ekki fyrir borð bornir í aðildarviðræðum.
5. Nýju bankarnir hlúi að fólki og fyrirtækjum þannig að þau haldi eignum sínum þótt ekki sé greitt af lánum um nokkurn tíma og hlúð sé að fyrirtækjum með til dæmis því að lengja í skuldum og breyta skuldum í hlutafé sem verði selt á markaði með gegnsæjum hætti. Við þurfum að horfa sérstaklega til þess að heil kynslóð ungra Íslendinga, sem nýverið hefur stofnað til fjölskyldu, stendur líklega veikast. Framtíð

Íslands verðum við að huga að sérstaklega og við verðum að búa svo um hnútana að þessari kynslóð sé gert kleift að koma sér aftur af stað.

6. Loks þarf ríkisstjórnin að tileinka árið 2009 nýsköpun og skapandi hugsun. Við viljum sýna þann þrótt sem býr í íslensku atvinnulífi, einstaklingum og fyrirtækjum og menntakerfi og sanna að þjóðin getur á skömmum tíma rifið sig upp úr mikilli lægð og horft bjartsýn til framtíðar. Sköpunum stemmingu fyrir nýsköpun í sinni víðustu mynd og komum á breytingum sem geta bætt samkeppnisstöðu Íslands á komandi árum. Íslenskt efnahagslíf getur orðið þekkt fyrir það innan fárra ára hvernig það reif af sér fjötra kreppu og náði undraverðum árangri við að bæta lífskjör hérlandis – eitt er ljóst að það gerir enginn annar en vel rekin íslensk fyrirtæki.

Viðhorfin skipta máli

Stærsta barátta íslensks atvinnulífs á komandi misserum verður án efa að efla áfram gott viðhorf til athafnamennsku, stofnunar fyrirtækja nýsköpunar hvers konar og lágra skatta. Við þurfum að skoða alla okkar starfsemi, bæta stjórnarhætti, skoða regluverk og setja gæði á oddinn á öllum sviðum. Við megum ekki láta kreppuna skapa andúð gagnvart alþjóðavæðingu, andúð á fyrirtækjarekstri og **efasemdir um ungt fólk með hugmyndir!**

Öll hundruð verkefnanna sem voru í undirbúningi í útrás hvers konar þegar kreppan skall á mega ekki vera töluð niður af þjóðinni.

Verkfræðistofan sem var komin til Eystrasaltsríkjanna, íslenski hönnuðurinn í London, íslenska orkufyrirtækið í Asíu, íslenska leikjatölvan sem stefndi á markað í Evrópu, sjávarútvegsfyrirtæki sem hugðist hefja veiðar á fjarlægum slóðum og svona mætti lengi telja. Gerum þetta fólk ekki að blóraböggjum þess ástands sem nú hefur skapast. Sláum fremur skjaldborg utan um þetta fólk og alla hina sem eru bæði hér og erlendis að leita tækifæra sem geta aukið fjölbreytni.

Alvarlegasta ógnunin við framtíð Íslands er ekki skuldsetning heldur að hugarfarið breytist til hins verra. Við fáum heiftúðugt hugarfar þar sem kallað er eftir allt öðruvísi Íslandi, Íslandi þar sem vantrú ríkir á öllu sem viðkemur einkaframtaki og þar sem þeir sem græða verði útnefndir gróðahyggjumenn og þeir sem tapa eru útnefndir aukvisar. Við þurfum ekki að fara langt aftur í tímann til að muna þessa tíma.

Það má ekki gerast að vonleysi skjóti rótum meðal ungs fólks, langvinn heift nái að grafa um sig og efasemdir um Ísland! Það er okkar verkefni í íslensku atvinnulífi að blása ungu fólki kapp í kinn og leggja grunn að íslenskri framtíð þeirra. Minnum á að við eigum gríðarlegar auðlindir í fólki og náttúruauðlindum, lífeyrissjóðir okkar eru, þrátt fyrir áföll, með sterkustu lífeyrissjóðum heims, við höfum byggt trausta innviði á síðustu árum, við erum með hlutfallslega mun meira af ungu fólki en flestar Evrópuþjóðir, við eigum öflugar útflutningsgreinar og öflug tæknifyrirtæki sem eru í fremsta sæti á sínu sviði í heiminum og við eigum kraftmikla skóla. Það nægir alltaf fyrir mig að koma inn í íslenskan framhaldsskóla eða háskóla eða jafnvel grunnskóla til að fyllast stolti yfir nýrri kynslóð kappsamra og duglegra einstaklinga sem fá einstakt tækifæri og lífsgæði sem felast í því að búa á Íslandi. Ég fullyrði að flottari hópur er vandfundinn í öðrum löndum. Þössum upp á hann og veitum honum tækifæri.

Íslendingar eru hoknir af reynslu í að kljást við áföll, náttúruhamfarir ýmis konar, jarðskjálfta, eldgos og aflabrest svo fátt eitt sé nefnt. Nú er komið að fjármálakrísunni og við munum afgreiða hana.

Muniði eftir fjölskyldunni sem ég sagði frá þar sem allt var í kaldakoli og börnin send inn í rúm til að foreldrarnir geti rætt um vandamálin. Mér finnst mamman og pabbinn enn vera inni í stofu og við með hjartað í buxunum inn í rúmi. Nú þurfum við alla framúr og stóran fjölskyldufund þar sem línan er gefin, masterplanið kynnt og við öll sett í vinnu.